

FUNDARGERÐ

356. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn í fundasal félagsins, Fellabrún 1, fimmtudaginn 11. september 2025 kl. 13:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Eyþór Stefánsson (ES), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AÞ) framkvæmdastjóri.

Gestir á fundinum:

Védís Vaka Vignisdóttir, verkefnastjóri (#1-6)

Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri (#1-6)

Glúmur Björnsson, jarðfræðingur (#1-3)

Ívar Karl stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Verkefni í gangi
- 2 Vatnsveita Eiða
- 3 Umsjón með vatnsbóli Hafnarhólma á Borgarfirði
- 4 Fjárhagur – Staðan 31. júlí
- 5 Fjárhagsáætlunargerð - tímalína
- 6 Uppfærsla bókhaldskerfis
- 7 Starfsmannamál
- 8 Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu
- 9 Tillaga ríkisstjórnar að breytingum á heilbrigðiseftirliti
- 10 Tillaga að breyttum fundartíma stjórnar
- 11 Önnur mál
 - a. Verkefni Eygló (Austurbrú)
 - b. Aðgangskerfi veitunnar
 - c. Fundur framkvæmdastjórnum með vatnsveitum á norðurlöndum

1 Verkefni í gangi

Verkefnastjóri fór yfir helstu verkefni sem eru í vinnslu. – Til upplýsingar.

2 Vatnsveita Eiða

Fyrir fundinum liggur minnisblað jarðfræðings HEF. Þar eru bornir saman valkostir um aukna öflun neysluvatns fyrir Eiða. Málið verður aftur tekið fyrir á næsta fundi. Verk í vinnslu.

3 Umsjón með vatnsbóli Hafnarhólma á Borgarfirði

Sveitarstjóri Múlaþings óskaði eftir því formlega 16. júní s.l. að HEF taki við vatnsbólinu við Hafnarhólma á Borgarfirði.

Stjórn óskar eftir því að á næsta fundi liggi fyrir samantekt yfir opinber vatnsból í sveitarfélaginu og núverandi rekstrarform þeirra.

4 Fjárhagur – Staðan 31. júlí

Fyrir fundinum liggur rekstraryfirlit, ásamt yfirliti um stöðu fjárfestinga. Skrifstofustjóri og verkefnastjóri svöruðu fyrirspurnum fundarmanna. Ekki verður gert 8 mánaða uppgjör með þeim hætti sem verið hefur, en rekstrar- og fjárfestingayfirlit verða gerð ítarlegri og meira yfirfarin en venja er.

5 Fjárhagsáætlunargerð - tímalína

Fyrir liggur yfirlit um tímasetningar og ætlaða framvindu uppgjöra, gerð áætlana fyrir komandi ár og undirbúning fyrir aðalfund félagsins 2026. Til kynningar.

6 Uppfærsla bókhaldskerfis

Nú hillir undir að bókhaldskerfi verði uppfært. Framkvæmdastjórn er í viðræðum við þjónustuveitanda um verð og tímasetningu. Til kynningar.

7 Starfsmannamál

Drög að auglýsingu starfsmanns á starfsstöð í Fellabæ liggur fyrir fundinum. Samþykkt að auglýsingin verði birt.

8 Mál fyrrum framkvæmdastjóra gegn félaginu

Fyrrum framkvæmdastjóri félagsins vinnur að gagnáfrýjun til Hæstaréttar. (Sjá einnig fund 355 #10). Til upplýsingar.

9 Tillaga ríkisstjórnar að breytingum á heilbrigðiseftirliti

Mikilvægt er fyrir HEF veitur að tryggt verði að þjónusta sú sem heilbrigðiseftirlit hefur veitt félaginu skerðist ekki. Horft verði til þess að viðbragð og vöktun verði ekki lakari en verið hefur í ágætu horfi hjá Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

10 Tillaga að breyttum fundartíma stjórnar

Tillaga formanns: Að reglulegir fundir stjórnar verði framvegis kl. 13, annan þriðjudag hvers mánaðar, en ekki kl. 14 eins og verið hefur. Samþykkt.

11 Önnur mál

a. Verkefni Eygló (Austurbrú)

Eygló sem starfar nú undir Austurbrú er með hugmynd að verkefni sem felst í kortlagningu hitaveitunotkunar á Egilsstöðum.

Stjórn minnir á verkefni sem í upphafi Eyglóar, um varmadæluvæðingu í dreifbýli og þéttbýli á köldum svæðum. Það verkefni er líklegt til að vera mikið hagsmunamál fyrir íbúa á þeim svæðum.

b. Aðgangskerfi veitunnar

Tæknistjóri og framkvæmdastjóri hafa undanfarið kannað möguleika á aðgangsstýringar- og lykklakerfi fyrir veituna. Reiknað er með að línur í því skýrist á allra næstu vikum.

c. Fundur framkvæmdastjórum með vatnsveitum á norðurlöndum

Framkvæmdastjóri sagði frá þátttöku sinni í fundi stærri vatnsveitna á norðurlöndum í Osló í síðustu viku. Mikilvægur samtalsvettvangur hefur verið komið á laggirnar og verður forvitnilegt að fylgjast með framhaldinu.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið um kl. 17:00

Fundargerð ritaði: Ágústa Björnsdóttir